

**102** Reikna skal dæmið þangað til komnir eru fjórir tugastafir í niðurstöðuna, nema  
30. maí dæmið hafi gengið upp áður. Þegar komnir eru fjórir tugastafir í niðurstöðuna skal  
hækka fjórða tugastafinn um 1, ef afgangurinn er helmingur deilisins eða meira, ann-  
ars ekki.

Undanþága þessi verkar ekki aftur fyrir sig.

**103**  
2. apríl

## S A M Þ Y K K T

um bann gegn dragnótaveiðum innan Sauðárkróks- og Hofsóshafna.

### 1. gr.

Dragnótaveiðar eru með öllu bannaðar innan Sauðárkrókshafnar, sem tekur yfir botn Skagafjarðar, vestan Hegraness, innan beinnar línu, sem hugsast dregin úr næsta melhorni norðan við Gönguskarðsárós í vitann á Hegranesi, og innan Hofsósshafnar, sem takmarkast að vestan af línu dreginni í hásuður 500 metra vestan við Naustaklett og að norðan og sunnan af tveim línunum hornrétt á þá línu að norðan um Naustaklett og að sunnan úr innra Grafaróshorni.

Til dragnóta teljast nætur þær, er til botns taka og eru dregnar með botni þegar veitt er, þar á meðal kolanót (Snurrevaad).

### 2. gr.

Eigendum og nothöfum jarða þeirra, er að sjó liggja á hafnarsvæðunum, skal þó heimilt að nota dráttarnætur og draga þær á land.

Einnig skal heimilt að króa af síld og ufsa við land svo sem tíðkapt hefir, eftir fyrirmælum tilskipunar 12. febr. 1872, sem og veiða síld í herpinót, þó til botns taki.

Eftir sérstöku leyfi atvinnumálaráðherra, sem hverju sinni skal tímabundið, geta þeir fengið að nota dragnætur á hafnarsvæðunum, sem fást við vísindalegar rannsóknir.

### 3. gr.

Um brot gegn samþykkt þessari, upphæð sektarfjár og meðferð þess fer eftir ákvæðum 3., 4., 5. og 6. gr. laga um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi nr. 45 frá 13. júní 1937.

### 4. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn samþykkt þessari, skal reka sem opinber lög-reglumál.

### 5. gr.

Samþykkt þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 26 12. febr. 1940, um breytingu á lögum nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt, birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu, 2. apríl 1940.

**Sigurður Sigurðsson.**